

GJALDSKRÁ

fyrir skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Seltjarnarneskaupstað.

1. gr.

Meginreglur.

Bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar hefur ákveðið að setja gjaldskrá til að innheimta kostnað vegna vinnu við útgáfu á framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna leyfis-skyldra framkvæmda.

Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjalddöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á viðkomandi svæði eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

2. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarra umsýslu.

Breytingakostnaður: Kostnaður sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

3. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

| | |
|--|-------------|
| Afgreiðslugjald | kr. 9.500 |
| Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 36. gr. | kr. 130.000 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. | kr. 120.000 |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. | kr. 60.000 |

4. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags.

| | |
|--|---------------------------------|
| 4.1 Nýtt deiliskipulag | |
| Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. | Samkvæmt reikningi ¹ |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. | kr. 120.000 |
| 4.2 Verulegar breytingar á deiliskipulagi | |
| Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. | Samkvæmt reikningi ¹ |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. | kr. 120.000 |
| 4.3 Óverulegar breytingar á deiliskipulagi | |
| Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. | Samkvæmt reikningi ¹ |
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. | kr. 60.000 |

5. gr.

Grenndarkynning.

| | |
|--|------------|
| Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna grenndarkynninga, sbr. 44. gr. | kr. 30.000 |
|--|------------|

1) Vinna samkvæmt reikningi skal byggja á áætlun skipulagsstjóra um umfang verkefnisins sem umsóknaraðili samþykkir. Reikningur verður síðan gerður í samræmi við raunverulegan kostnað en getur ekki verið hærri en fjárhæð samkvæmt samþykktri áætlun.

6. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

| | |
|--|-------------|
| Afgreiðslugjald | kr. 9.500 |
| Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum | kr. 110.000 |
| Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir | kr. 65.000 |

7. gr.

Breyting fjárhæða.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012 (112,3 stig) og skulu breytast 1. janúar hvert ár í samræmi við byggingarvísitölu.

8. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar, 24. október 2012.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2013